

Leikskólinn Kópasteinn

Söngstund

Mánudagar kl. 9.15-9.40

Haust 2015

Tónlistarkennari: María Jónsdóttir

Vinalagið

Hesturinn minn

Ég er lítill Teketill

I'm a little teapot

Gulli og Perlum

Vem kan segla

Hver má sigla

Út um mó, inní skóg

Haustvísa

Brumm Brumm

Ég fór í dýragarð í gær

Fuglarnir tveir

Frú Kónguló

Pepejo

Shosholoza

Pétur dansar

Litlu andarungarnir

Dýrahattalagið

Gamli Dónald/Old McDonald

Tröllalagið

Draugalagið

Það voru einu sinni tröll

Skógarakvæði

Syngjandi geng ég alls staðar

Dúkkann hennar Dóru

Lagið um það sem er bannað

Við erum vinir

Í leikskóla er gaman

Vinalagið

Uglan

Gjúggíbú

Faðir Abraham

Skilaboðaleikurinn

Upp upp upp á fjall

Fingranöfnin

Ég ætla'að syngja

Allur matur

Við klöppum öll í einu

Klappa saman lófum á mallakút

Hreyfa litla fingur

Fingranöfnin

Einn lítill, tveir litlir

Græn eru laufin

Litirnir

Fingurnir / Tásurnar

Ryksugan á fullu

Ég heyri svo vel

Vinir

:::Ég sendi þér fingurkoss:::
Því við erum allra bestu bestu, bestu,
vinir, vinir, allra bestu, bestu, bestu vinir.

:::Ég vinka og veifa þér:::
Því við erum allra bestu....

Við leiðumst hönd í hönd,
bundin í kærleikans bönd.
Því við erum allra bestu.....

Ég brosi breitt til þín,
því þú ert gleði mín.
Því við erum allra bestu....

:::Ég sendi þér fingurkoss:::
Því við erum allra bestu bestu, bestu, vinir,
vinir, allra bestu, bestu, bestu vinir.
Vinir!

Hesturinn minn!

//: Sjáðu hestinn minn ://
hann er fallegur!
Hesturinn minn
er rauður og kann að fljúga,
rauður og kann að fljúga
rauður og kann að fljúga

Gulli og Perlum

Am
Gulli og perlum safna sér
Dm Am
sumir endalaust reyna
Dm Am
vita ekki að vináttan er
E7 Am
verðmætust eðalsteina.

Gull á ég ekki að gefa þér
og gimsteina ekki neina
en viltu muna að vináttan er
verðmætust eðalsteina.

Ég er lítill teketill,

Ég er lítill teketill,
stuttur og sver,
Þetta er mitt handfang
og stúturinn hér.

Þegar í mér sýður
að væla ég fer,
Þá taktu mig upp
og helltu úr mér.

I'm a little teapot

I'm a little teapot
Short and stout
Here is my handle
Here is my spout.

When I get all steamed up
Hear me shout
"Tip me over
and pour me out!"

Út um mó

Út um mó, inn í skó
upp í hlíð í grænni tó.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á
tína, tína, tína má.

Tína þá berjablá
börn í lautu til og frá.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á,
tína, tína, tína má.

Vem kan segla

Vem kan segla förutan vind?
Vem kan ro utan áror?
Vem kan skiljas frá vönnen sín
Utan att fälla tårar?

Jag kan segla förutan vind,
Jag kan ro utan áror.
Men ej skiljas frá vönnen min
Utan att fälla tårar.

Haustvísa

Hvert er horfið laufið sem var grænt í gær?
Þótt ég um það spyrji verð ég engu nær
Blöðin grænu hafa visnað, orðin gul og rauð
Ef ég horfi miklu lengur verður hríslan auð.

Nú er ís á vatni sem var autt í gær.
Yfir landið hólgráum ljóma slær.
Ég brýt heilann um það –
segðu mér hvað heldur þú?
Kemur haustið fyrst á morgun?
Er það komið nú?

Nú er grettin jörðin eins og gamalt skar.
Sjást nú gráar hærur þar sem grasið var.
Yfir fyrrum gróna bala liggja frosin spor.
Ég verð kuldatið að þola þar til kemur vor.

Fuglar tveir

Í furutré sátu fuglar tveir,
Fannar var annar og hinn hét Geir.
Fljúgðu burt Fannar! Fljúgðu burt Geir! ...
Komdu heim Fannar! Komdu heim Geir!

Ég fór í dýragarð

D A D
Ég fór í dýragarð í gær og gettu hvað ég sá.
Ég fór í dýragarð í gær og gettu hvað ég sá.
D A D
F-F-F-F Fílinn þar ég sá!!
Klappa (x1) og segja Fíll

Brumm brumm

:::Brumm brumm, brumm-brumm! :::

Bílar keyra allan daginn,
fram og aftur út um bæinn.

Bíb bííb! Bíb bííb!

:::Brumm brumm, brumm-brumm! :::

Míg langa frekar út úr bænum,
upp í sveit í einum grænum.

Bíb bííb! Bíb bííb!

:::Brumm brumm, brumm-brumm! :::

Í sveitinni er got að keyra,
þar er margt að sjá og heyra.

Bíb bííb! Bíb bííb!

Frú Könguló

Sungið við lagið „For he's a Jolly good fellow“

Um vef sinn labbar Frú Könguló.

Um vef sinn labbar Frú Könguló.

Um vef sinn labbar Frú Könguló.

Hún ætlar að ná sér í flugu.

Fyrst nær hún sér í eina! Svo nær hún sér í

tvær! Svo labbar Frú Könguló aftur heim.

Svo labbar Frú Könguló aftur heim.

Svo labbar Frú Könguló aftur heim.

Og sefur í alla nótt!

Pepejo

(Fiðrilda söngur frá Afríku)

Twende duka winde leo x 2

(Förum út í skóg)

Duka winde vi Pepejo x 2

(út í skóg að veiða fiðrildi)

Aj Aj Aj vi Pepejo vi Pepe x 3

Aj Aj Aj klappað xx xxx xx

Shosholoza

Shosholoza

Kulza natabe

Stimela supphime

Zimbabwe

Pétur dansar

::: Hafið þið séð hann Pétur dansa :::

Hann dansar bæði rokk og ræl,

og hann vindur sér á tá og hæl.

Og það var einn (hægri hönd á kinn)

Og það var tveir (vinstri hönd á kinn)

Og það var þrír (hægra hné í gólf)

Og það var fjórir (vinstri hné í gólf)

Og það var fimm (hægri olnbogi í gólf)

Og það var sex (vinstri olnbogi í gólf)

Og það var sjö (enni snertir gólf)

Og það var átta (allir leggjast á magann)

Í rokk og ræl—, er stoppað og fótunum

sveiflað,

hendur á mjöðmum, svo er undið á tá og

hæl.

Dýrahattalagið

Gunna er með grís sem hatt
Gunna er með grís sem hatt
Gunna er með grís sem hatt
og hún er með hann allan daginn!

Klapp klapp klapp klappaðu
Klapp klapp klapp klappaðu
Klapp klapp klapp klappaðu
og klappaðu allan daginn!

_____ er með kött sem hatt x3
_____ er með hund sem hatt x3
_____ er með fíl sem hatt x3
_____ er með ljón sem hatt x3
_____ er með hákarl sem hatt x3
og hann er með hann allan daginn!

Settu hendur á höfuðið
Settu hendur á höfuðið
Settu hendur á höfuðið
og vertu með þær þar allan daginn!

Og settu hendur á axlir
og settu hendur á mjaðmir
settu olnbogann á hnéð
settu tærnar á nefið
settu nefið þitt á annað nef
og vertu með það þar allan daginn!

// Klapp klapp klapp klappaðu://x3
og klappaðu allan daginn!

Lag: "Pig on her head" eftir Laurie Berkner
Þýðing: Birte Harksen

Tröllalagið

Hátt upp í fjöllumunum, þar búa tröllin.
Tröllapabbi, tröllamma og litli Trölla-rölli.
—Búl sagði tröllapabbi
—Búl sagði tröllamma.
En hann litli Trölla-rölli sagði ekki neitt. Ussss
Langt inni í skóginum þar búa ljónin
Ljónapabbi, ljónamma og litli Ljónsi-flónsi
Arrrrrr sagði ljónapabbi.
Arrrrrr sagði ljónamma.
En hann litli Ljónsi-fljónsi sagði bara —mjál

Draugalagið

Hátt uppi' á loftinu
búa þrír draugar:
draugapabbi' og draugamma
og litli vasaklútur.
"Böööö!" sagði draugapabbi.
"Böööö!" sagði draugamma.
En hann litli vasaklútur
sagði: "Aaatsjú!"

Það voru einu sinni tröll

:::Það voru einu sinni tröll:::
:::sem áttu heima í höll:::
:::Það voru tónlistartröll:::
:::og svo sungu þau öll:::
:::HABA HABA HABA HABA:::
:::Ó, JÉ:::
:::Mikki Mikki mús:::
:::átti lítið, skrytið hús:::
:::Hann átti kleinu og djús:::
:::Hann var rokkaramús:::
:::HABA HABA HABA HABA:::
:::Ó, JÉ:::
:::AHAHAHA:::
:::OHOOHO:::
:::AHÍHÍHÍ:::
:::ABURLIBURLIBURLI:::
:::HABA HABA HABA:::
:::Ó, JÉ, BEIBE

OLD MACDONALD HAD A FARM

Old MACDONALD had a farm E-I-E-I-O
And on his farm he had a cow E-I-E-I-O
With a moo moo here
And a moo moo there
Here a moo, there a moo
Everywhere a moo moo
Old MacDonald had a farm E-I-E-I-O

Old MACDONALD had a farm E-I-E-I-O
And on his farm he had a pig E-I-E-I-O
With a oink oink here.....
Old MacDonald had a farm E-I-E-I-O

Old MACDONALD had a farm E-I-E-I-O
And on his farm he had a horse E-I-E-I-O
With a neigh neigh here.....
Old MacDonald had a farm E-I-E-I-O
Old MACDONALD had a farm

Old MACDONALD had a farm E-I-E-I-O
And on his farm he had a lamb E-I-E-I-O
With a baa baa here.....
Old MacDonald had a farm E-I-E-I-O

Old MACDONALD had a farm E-I-E-I-O
And on his farm he had some chickens E-I-E-I-O
With a cluck cluck here.....
Old MacDonald had a farm E-I-E-I-O

Old MACDONALD had a farm E-I-E-I-O
And on his farm he had some dogs E-I-E-I-O
With a woof-woof here.....
Old MacDonald had a farm E-I-E-I-O

With a moo moo here
And a moo moo there
Here a moo, there a moo
Everywhere a moo moo With a oink oink
here.....
With a neigh neigh here.....
With a baa baa here.....
With a cluck cluck here.....
With a woof-woof here.....

Old MacDonald had a farm E-I-E-I-O
OOOOOOOOOO

Gamli Dónald átti bú Í-A-Í-A-Ó
Og á hans búi átt'ann KÚ Í-A-Í-A-Ó
Múú Móú hér
og Móú Móú þar
Hér er Móú, þar er Móú
Alls staðar er Móú Móú
Gamli Dónald átti bú Í-A-Í-A-Ó

Gamli Dónald átti bú Í-A-Í-A-Ó
Og á hans búi átt'ann GRÍS Í-A-Í-A-Ó
Óínk Óínk hér.....
Gamli Dónald átti bú Í-A-Í-A-Ó

Gamli Dónald átti bú Í-A-Í-A-Ó
Og á hans búi átt'ann HEST Í-A-Í-A-Ó
Neei Neei hér.....
Gamli Dónald átti bú Í-A-Í-A-Ó

Gamli Dónald átti bú Í-A-Í-A-Ó
Og á hans búi átt'ann LAMB Í-A-Í-A-Ó
Mee Mee hér.....
Gamli Dónald átti bú Í-A-Í-A-Ó

Gamli Dónald átti bú Í-A-Í-A-Ó
Og á hans búi átt'ann HÆNU Í-A-Í-A-Ó
Gagg Gagg hér.....
Gamli Dónald átti bú Í-A-Í-A-Ó

Gamli Dónald átti bú Í-A-Í-A-Ó
Og á hans búi átt'ann HUND Í-A-Í-A-Ó
Voff Voff hér.....
Gamli Dónald átti bú Í-A-Í-A-Ó

Múú Móú hér
og Móú Móú þar
Hér er Móú, þar er Móú
Alls staðar er Móú Móú

Óínk Óínk hér.....
Neei Neei hér.....
Mee Mee hér.....
Gagg Gagg hér.....
Voff Voff hér.....

Gamli Dónald átti bú
Í-A-Í-A-ÓÓÓÓ.....

Skóarakvæði

Við götuna stóð hús,
við götuna stóð skóarahús,
skó- skó- skóarahús,
við götuna stóð hús.

Í húsinu bjó karl,
í húsinu bjó skóarakarl,
skó- skó- skóarakarl,
í húsinu bjó karl.

Og karlinn kvæntur var,
þau hjónin voru skóarapar,
skó- skó- skóarapar,
og karlinn kvæntur var.

Og hjónin áttu son,
og hjónin áttu skóarason,
skó- skó- skóarason,
og hjónin áttu son.

Og sonurinn átti hund,
og sonurinn átti skóarahund,
skó- skó- skóarahund,
og sonurinn átti hund.

Og hundurinn hafði fló,
og hundurinn hafði skóarafló,
skó- skó- skóarafló,
og hundurinn hafði fló.

Og flóin var með lús,
og flóin var með skóaralús,
skó- skó- skóaralús,
og flóin var með lús.

Nú syng ég ekki meir,
nú syng ég ekki um skóara meir,
skó- skó- skóara meir, nú syng ég ekki meir.

Syngjandi geng ég allstaðar.

Syngjandi hér, syngjandi þar
syngjandi geng ég allsstaðar
sí og æ, æ og sí,
aldrei fæ ég nóg af því.

Einu sinni ég átti kú,
Hún sagði ekki mö, heldur ba, ba, bú.
Já býsna skrytin var kýrin sú.

Einu sinni ég átti geit,
Hún fékkst aldrei til að fara á beit,
því feimin hún var og undirleit.

Ég átti, hrút og hann var grár,
Svo skipti hann um lit, og eftir ár
hann orðinn var næstum því fjólublár.

Ég átti hund sem oft svaf fast,
Og þegar rigndi og það var hvasst,
þá fékk hann alltaf gigtarkast.

Ég átti klár sem Kappi hét,
Og ef ég hnakk minn á hann lét,
hann útaf lagðist og stundi og grét.

Ég átti fugl sem í búi bjó,
Hann aldrei söng, jafnvel ekki þó
að undir væri leikið á píanó.

Ég átti kött sem var klókur og vís,
Hann var andvígur því að eltast við mýs,
en át bara kökur og rjómaís.

Dúkkán hennar Dóru

Dúkkán hennar Dóru
var með sótt,sótt, sótt.
Hún hringdi og sagði lækni
að koma fljótt, fljótt, fljótt.
Læknirinn kom með sína tösku
og sinn hatt, hann bankaði á dyrnar :
Ra, ta, ta, ta, tatt!
Hann skoðaði dúkkuna og hristi sinn haus.
Hún skal í rúmið og ekkert raus,
Hann skrifaði á miða hvaða
pillu' hún skyldi fá.
Ég kem aftur á morgun
ef hún er enn veik þá.

Lagið um það sem er bannað

Það má ekki pissa bak við hurð,
og ekki henda grjóti ofan í skurð,
ekki fara í bæinn
og kaupa popp og tyggjó
og ekki nota skrúfjárn fyrir sleikjó.

Það má ekki vaða út í sjó,
og ekki fylla húfuna af snjó,
ekki týna blómin sem eru úti í beði
og ekki segja "ráddi" heldur "réði".

**Þetta fullorðna fólk er svo skrítið,
það er alltaf að skamma mann,
þó maður geri ekki neitt,
það er alltaf að skamma mann.**

Það má ekki skoða lítinn kall,
og ekki gefa ketti drullumall,
ekki skjóta pabba
með byssunni frá ömmu
og ekki tína orma handa mömmu.

Það má ekki hjóla inn í búð
og ekki gefa litla bróður snúð,
ekki fara að hlæja þó einhver sé að
detta,-ekki gera hitt og ekki þetta!

Við erum vinir

Lag: Meistari Jakob
Við erum vinir
við erum vinir
ég og þú
ég og þú.
Leikum okkur saman
Leikum okkur saman
Bimm bamm búmm
Bimm bamm búmm

Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman,
þar leika allir saman,
leika úti og inni,
og allir eru með.
Hnoða leir og lita,
Þið ættuð bara að vita,
hvað allir eu duglegir
í leikskólanum hér.

Vinalagið

Við erum, góð, góð hvert við annað,
Stríðum aldrei eða meiðum neinn.
::Þegar við grátum, huggar okkur einhver.
Þerrar tár og klappar okkar kinn::;

Uglan

Það var gömul ugla með oddhvasst nef
Tvö lítil eyru og átta litlar klær.
Hún sat upp í tré og svo komst þú,
Þá flaut hún í burtu og sagði: ú-ú-ú.

Gjúggíbú

Enskt lag – Hrafnhildur Sigurðardóttir þýddi
Gjúggíbú, hvar ert þú?
Nú sé ég ekki neitt.
gjuggíbú, þarna ert þú
Sem brosir svona breitt.

Faðir Abraham

Faðir Abraham og hans synir
og hans synir faðir Abraham
og þeir átu kjöt og þeir drukku öl
og þeir skemmtu sér mjög vel.
Hægri hönd, vinstri hönd,
hægri fótur, vinstri fótur,
höfuðið með, skrokkurinn með.

Skilaboðaleikur

Það eru að koma skilaboð
Hvaða skilaboð?
Að setja annan litla hamarinn í
gang(hægri hönd)
Að setja hinn litla hamarinn í
gang(vinstri hönd)
Að setja annan stóra hamarinn í
gang(hægri fótt)
Að setja hinn stóra hamarinn í
gang(vinstri fótt)
Að setja stærsta hamarinn í
gang(lyfta sér í stól)
Að hætta þessari vitleysu.

Upp,upp,upp á fjall

Upp, upp, upp á fjall,
upp á fjallsins brún.
Niður, niður, niður, niður,
alveg niður á tún.

Fingranöfnin (þula)

Þumalfingur er mamma
sem var mér vænst og best,
vísifingur er pabbi sem gaf mér rauðan hest,
langatöng er bróðir sem býr til falleg gull,
baugfingur er systir sem þrjónar sokka úr ull,
litli fingur er barnið sem leikur að skel,
litli þínu anginn sem dafnar svo vel.
Hér er allt fólkið svo fallegt og nett,
fimm eru í bænum ef talið er rétt.
Mikið væri gaman í þessum heim,
ef öllum kæmi saman jafn vel og þeim.

Ég ætla að syngja

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru augun,
hérna eru eyrum,
hérna er nebbinn minn
og munnurinn.

Ég ætla að syngja....
Hérna er bringan,
hérna er naflinn,
hérna er rassinn minn
og búkurinn.

Ég ætla að syngja....
Hérna eru fingurnir,
hérna er höndin,
hérna er olnboginn,
og handleggurinn.

Ég ætla að syngja....
Hérna eru tærnar,
hérna er hællinn
hérna er hnéð á mér
og fótleggurinn.

Allur matur

Allur matur á að fara
Upp í munn og ofan í maga
Heyrið það, heyrið það!
Svo ekki gauli garnirnar

Við klöppum öll

Við klöppum öll í einu
Við klöppum öll í einu,
Við klöppum öll í einu, það líkar okkur best.

(Hoppum, stöppum, vinkum, læðumst, leggjumst,
grátum, hlæjum, sofum, hvíslum, smellum o.s.frv.)

Klappa saman lófum

Klappa saman lófum, klappa lófum,
Klappa saman lófum og mallakút.
Nebbinn hljómar vel
Munnurinn spilar með
Klappa saman lófum og mallakút!

Hreyfa litla fingur

Soffa Vagnsdóttir
Hreyfa litla fingur, hreyfa litla fingur,
hreyfa litla fingur og frjósa eins og skot.
Hreyfa litla, nebba, hreyfa litla nebba,
Hreyfa litla nebba og frjósa eins og skot.

(litlar...hendur, tær, fætur, augu, munna, rassa,
kroppa, krakka,)

Fingurnir

Þumalfingur, þumalfingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég Góðan daginn, daginn, daginn.
Vísifingur, vísifingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég Góðan daginn, daginn, daginn.
Langatöng, langatöng, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég Góðan daginn, daginn, daginn.
Baugfingur, baugfingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég Góðan daginn, daginn, daginn.
Litli-fingur, litli-fingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég Góðan daginn, daginn, daginn.
Vinstri hönd, vinstri hönd, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég Góðan daginn, daginn, daginn.
Hægri hönd, hægri hönd, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég Góðan daginn, daginn, daginn.

Litirnir

Grænt, grænt, grænt,
er grasið út í haga
Grænt,grænt , grænt
er gamla pilsíð mitt.
Allt sem er grænt, grænt
finnst mér vera fallett
fyrir vin minn, litla Jón á Grund.

Gul,gul, gul
er góða appelsínan.
Gul, gul, gul,
er gamla húfan mín.
Allt sem er gult, gult
finnst mér vera fallett
fyrir vin minn, litla Kínverjann.

Rauð, rauð, rauð
er rósin hennar mömmu
Rauð, rauð, rauð
er rjóða kinnin mín.
Allt sem er rautt,rautt,
finnst mér vera fallett
fyrir vin minn,litla indjánann .

Græn eru laufin

Græn eru laufin og grasið sem grær.
Glóðin er rauð og eldurinn skær.
Fífill og sóley eru fagurgul að sjá.
Fjöllin og vötnin og loftin eru blá.
Hvítur er svanur sem syndir á tjörn.
Svartur er hann krummi og öll hans börn.

Svört, svört, svört,
er svarta litla kisa.
Svartur,svartur, svartur
er svarmur fuglanna.
Allt sem er svart,svart
finnst mér vera fallett
fyrir vin minn litla svertingjann.

Blátt, blátt, blátt,
er hafið bláa hafið.
Blár, blár blár
er blái himinninn.
Allt sem er blátt, blátt
finnst mér vera fallett,
fyrir vin minn litla sjómanninn.

Hvít, hvít, hvít,
er hvíta snjókerlingin,
Hvít, hvít, hvít
eru skýín sem ég sé.
Allt sem er hvítt ,hvítt
finnst mér vera fallett
fyrir vin minn
litla snjókarlinn

Fingurnir

Steingrímur Arason

Einn lítill, tveir, þrjú litlir fingur,
Fjórir litlir, fimm litlir, sex litlir fingur,
Sjö litlir, átta litlir, níu litlir fingur,
Tíu litlir fingur á börnum.

Tásurnar

Ókunnur höfundur

Ein lítil, tvær litlar, þrjár litlar tásur,
fjórar litlar, fimm litlar, sex litlar tásur,
sjö litlar, átta litlar, níu litlar tásur
tíu litlar tásur á börnum.

Ryksugan á fullu

Lag: Ólafur Haukur Símonarson

Texti: Ólafur Haukur Símonarson

Ryksugan á fullu, étur alla drullu,
tral-la-la-ra, tral-la-la-ra, ral-la-la-ramm.
Sópa burtu ryki með kústi' og gömlu priki.
Tral-la-la-ra, tral-la-la-ra, ral-la-la-ramm.
Ef þú getur ekki sungið, reyndu þá að klappa,
og ef þú getur ekki klappað, reyndu þá að stappa,
svo söngflokkurinn haldi sínu lagi
og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

Út með allan skítinn, svo einhver vilji líta' inn,
tralla...

Skúra, skrubba' og bóna, rífa' af öllum skóna,
tralla...

Ef þú getur ekki sungið, reyndu þá að klappa,
og ef þú getur ekki klappað, reyndu þá að stappa,
svo söngflokkurinn haldi sínu lagi
og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

Ryksugan á fullu, étur alla drullu,

Tralla...

Skúra, skrubba' og bóna, rífa' af öllum skóna,
Tralla...

Ef þú getur ekki sungið, reyndu þá að klappa,
og ef þú getur ekki klappað, reyndu þá að stappa,
:,: svo söngflokkurinn haldi sínu lagi
og syngi ekki sitt af hvoru tagi. :,:

Ég heyri svo vel

Lag: Ólafur Haukur Símonarson

Texti: Ólafur Haukur Símonarson.

Ég heyri svo vel, ég heyri grasið gróa,
ég heyri svo vel, ég heyri snjóinn snjóa,
ég heyri svo vel, ég heyri orminn mjóa,
heyri hárið vaxa, heyri neglurnar lengjast,
heyri hjartað slá.

Þú finnur það vel, allt færast nær þér,
þú finnur það vel, allt kemur nær mér,
þú finnur það vel, allt fæðist í þér.
Andlitin lifna og húsin dansa og vindurinn hlær